



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Flokks fólksins um inntökureglur í þáttökubekki Klettaskóla

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. september 2018 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins vill leggja til að inntökureglur í svokallaðan þáttökubekk verði rýmkaðar til muna. Til stór að bekkirnir yrðu 4 í borginni. Fjölgi umsóknnum í „þáttökubekk“ er lagt til að þeim verði fjölgað eftir þörfum. Eins og staðan er í dag eru inntökuskilyrði í þáttökubekkinna þau sömu og í Klettaskóla. Þetta eru of ströng og stíf skilyrði að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins og fæliir mögulega foreldra frá að sækja um fyrir börn sín sem gætu notið góðs af því að stunda nám í þáttökubekk. Fram hefur komið að nú fyrst er sá eini þáttökubekkur sem er rekinn fullur en lengi vel var aðsókn ekki mikil. Ástæðan gæti verið sú að inntökuskilyrðin eru of ströng og að foreldrar barna sem ekki ná þessum viðmiðunum sækja þar að leiðandi ekki um. Vitað er að hópur barna (ekki vitað hve mörg) eru að berjast í bökkum í almennum bekk með eða án stuðnings eða sérkennslu. Það er skylda okkar að gera allt sem við getum til að sjá til þess að hverju einasta barni líði vel í skólanum og finni sig meðal jafningja. Að rýmka inntökuskilyrðin í þáttökubekk og fjölga þeim eftir þörfum gæti verið byrjun á að mæta enn frekar ólíkum náms- og félagslegum þörfum barna.

Starfshópur um nám og kennslu nemenda með þroskahömlun og sameiningu Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla setti fram í skýrslu sinni 2011 tillögu að stofnun þáttökubekkjanna við nýjan sameinaðan sérskóla í stað hefðbundinna sérhæfðra sérdeilda. Í stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur frá 2012 var síðan lagt til að stofnað yrði til fjögurra þáttökubekkjanna undir stjórn Klettaskóla. Starfshópur um stofnun og undirbúning þáttökubekkjanna undir stjórn Erlu Gunnarsdóttur, skólastjóra Klettaskóla tók til starfa í janúar 2013 og skilaði skýrslu sinni í maí sama ár.

Í fundargerðum starfshópsins kemur m.a. fram umræða um viðmið varðandi þáttökubekkinna m.a. að nemandi í þáttöku bekk njóti og geti nýtt sér samvistir við aðra nemendur í skólanum, hvort aðstaða sé til að taka við mikið hreyfihömluðum nemendum eða nemendum með mjög

erfiða hegðun, samsetningu nemendahópsins og mikilvægt sé að skólaumhverfið stuðli að framförum og sé þroskavænlegt fyrir nemendur þátttökubekkjar.

Niðurstaða starfshópsins varðandi umsóknir í þátttökubekk og afgreiðslu þeirra var eftirfarandi í skýrslu hópsins:

„Fagráð Klettaskóla fjallar um umsóknir í þátttökubekk og leggur tillögur sínar um afgreiðslu þeirra fyrir skólastjóra. Sömu reglur gilda um innritun og útskrift nemenda úr þátttökubekk og gilda um Klettaskóla. Inntaka í þátttökubekk miðast þannig m.a. alltaf við að aðstæður og möguleikar sem felast í þátttökubekk séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum.

Í stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum frá 2012 er lagt til að stofnað verði til fjögurra þátttökubekkja undir stjórn Klettaskóla og skuli fyrsti þátttökubekkurinn taka til starfa haustið 2013 og hinir með tveggja ára millibili þannig að allir bekkirnir yrðu farnir að starfa haustið 2019. Á fundi skóla- og frístundaráðs 13. maí 2013 var þessi tillaga síðan samþykkt og að fyrsti þátttökubekkurinn yrði staðsettur við Árbæjarskóla. Strax frá byrjun var mjög dræm aðsókn í þátttökubekkinn og hefur hann getað tekið við öllum þeim nemendum sem sótt hafa þar um og hafa uppfyllt inntökuviðmið. Svo virðist sem þeir foreldrar sem hafa haft áhuga á Klettaskóla fyrir börn sín hafi kosið frekar skólann sjálfan frekar en þátttökubekk fyrir börn sín. Ekkert hefur því orðið af stofnun þeirra þriggja þátttökubekkja sem áætlað var að yrðu stofnaðir.

Sömu inntökuviðmið hafa hingað til gilt um skólavist í þátttökubekk og í Klettaskóla sjálfum. Á undanförunum árum hefur komið upp umræða um hvort endurskoða skuli þau viðmið og gera þau þannig að þátttökubekkur standi börnum með væga þroskahömlun til boða, án viðbótarfatlana. Einnig hefur verið umræða um fyrir hvaða aldurshóp þátttökubekkur frá Klettaskóla ætti að vera.

Það er mat skólastjórnenda Klettaskóla að ekki er hægt að taka við nemendum með miklar og fjölþættar fatlanir og mikla umönnunarþörf í núverandi húsnæði þátttökubekkjar, enda þurfa þeir nemendur á mikilli og fjölbreyttri þjónustu að halda sem krefst mikillar sérhæfingar í húsnæði og búnaði. Það er því ljóst að sæki foreldrar barns með slíkar sérþarfir um í þátttökubekk er ekki hægt að verða við slíkri umsókn miðað við núverandi aðstæður og því ljóst að nú þegar standa inntökuviðmið Klettaskóla ekki varðandi þessa nemendur í þátttökubekk. Hins vegar má telja það líklegt að verði inntökuviðmið í þátttökubekk rýmri en í Klettaskóla sjálfan muni foreldrar barna með væga þroskahömlun sækja í meira mæli um slíkt úrræði.

Í ofangreindri skýrslu starfshóps um stofnun þátttökubekkjar kemur fram að gert sé ráð fyrir 5 til 6 nemendum í þátttökubekk til að byrja með en möguleiki verði á að fjölga þeim í 10. Jafnframt þurfi að huga að aldurs- og kynjasamsetningu hópsins og mælt var með að í byrjun yrðu teknir inn nemendur á miðstigi svo aldursdreifing hópsins yrði ekki of mikil. Nú eru nemendur í þátttökubekk allir á unglíngastigi og skv. stjórnendum skólans ekki æskilegt að taka við mjög ungum nemendum inn í þann hóp.

Einnig hefur komið upp umræða varðandi aldur barna þegar þau hefja nám í sérúrræði eða sérskóla og hvort það sé æskilegt að gerist við upphaf grunnskólagöngunnar. Þau sjónarmið hafa m.a. komið fram að á yngsta stig grunnskólans gefist mikilvæg tækifæri fyrir börn með vægari þroskahamlanir að ná góðum þroskaframförum í félagahópnum úr leikskólanum varðandi nám, mál og félagsþroska.

Í þátttökubekk Klettaskóla sem staðsettur er í Árbæjarskóla hafa á undanförunum árum verið 6 nemendur. Það er mat skólastjórnenda í Klettaskóla að fjölgun nemendum úr 6 í 9 kalli á aukinn mannafla. Gera þarf ráð fyrir viðbótarfagmanni, kennara eða þroskaþjálfara í 100% stöðu og stuðningsfulltrúa í 70% stöðu. Að auki þarf að bæta við búnaði s.s. tölvubúnaði að andvirði um kr. 500.000-. Samkvæmt upplýsingum sérfræðings á fjármálaskrifstofu er kostnaðarauki vegna þessarar fjölgunar nemenda skv. eftirfarandi töflu þar sem annars vegar er gert ráð fyrir árslaunum kennara og hins vegar árslaunum yfirproskapjálfa:

Stofnkostnaður	500.000	Stofnkostnaður	500.000
Árslaun Yfirproskapjálfa*	9.183.288	Árslaun kennara*	10.345.281
70% staða stuðningsfulltrúa	3.294.308	70% staða stuðningsfulltrúa	3.294.308
Samtals	12.977.596	Samtals	14.139.590

Verði inntökuviðmið í þátttökubekk endurskoðuð og þeim breytt eru líkur á að aðsókn í bekkinn aukist og að fleiri umsækjendur uppfylli endurskoðuð inntökuviðmið. Verði sú þróun má gera ráð fyrir að fljótlega verði þátttökubekkurinn fullskipaður og að vísa þurfi umsækjendum sem uppfylla viðmið frá. Fyrir liggur samþykkt frá 2013 um að þátttökubekkirnir verði 4 sbr. hér að framan. Fara þarf í skoðun á því hvort fjölga eigi bekkjunum og þá finna nýjum bekk/bekkjum stað í skólum borgarinnar. Með hliðsjón af rekstrarkostnaði núverandi þátttökubekkjara sem telur 6 nemendur má gera ráð fyrir kostnaði skv. eftirfarandi töflu við nýjan þátttökubekk fyrir 6 nemendur ef til hans yrði stofnað:

	Mán. laun	Árslaun	3 stg. kennara og 2 stuðn.fulltr.
Stofnkostnaður			500.000
Kennarar	849.078	10.188.932	30.566.797
Stuðningsfulltrúar	383.661	4.603.930	9.207.860
			40.274.656

Álit:

Í ofangreindri tillögu er kallað eftir því að inntökuviðmið í þátttökubekk Klettaskóla verði rýmkuð til muna. Með vísan til greinargerðar hér að framan er mælt með því að reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla verði teknar til endurskoðunar varðandi inntöku í þátttökubekk skólans. Lagt er til að þátttökubekkur verði fyrir nemendur með væga eða miðlungs þroskahömlun án alvarlegra viðbótarfatlana, bekkurinn verði fyrir allt að 9 nemendur á mið- og unglíngastigi, 5. til 10. bekk. Gera þarf ráð fyrir viðbótarkostnaði samkvæmt útreikningi í greinargerð.

Að auki er lagt til að skoðað verði hvort rétt sé að fjölga þátttökubekkjunum og mögulega staðsetningu nýs bekkjar.